

Mosfellsbær  
Þverholti 2  
270 Mosfellsbær

Reykjavík 10. september 2018  
UST201808-247/A.B.  
10.04.03

**Efni:** Lýsing – deiliskipulag Vesturlandsvegur, frá Skarhólabraut að Reykjavegi, í Mosfellsbæ

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar sem barst 29.ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi Vesturlandsvegur, frá Skarhólabraut að Reykjavegi, í Mosfellsbæ.

### Skipulagssvæðið

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagssvæðið nær yfir núverandi vegstæði Vesturlandsvegur á um 2,5 km kafla sem nær frá gatnamótum við Skarhólabraut og við Reykjaveg. Einnig kemur fram að skipulagssvæðið er afmarkað þannig að það taki tillit til svæðis sem myndi þurfa fyrir mislæg gatnamót í samræmi við gildandi aðalskipulag. Auk þess kemur fram að skipulagsmörk fylgja veghelgunarsvæði Vesturlandsvegur og göngu, hjóla- og reiðstígum meðfram honum.


Umhverfisstofnun leggur áherslu á að framkvæmdirnar verða að mestu í núverandi vegsvæði og valdi sem minnsta raski á gróðri og jarðvegi. Umhverfisstofnun tekur undir að reiknaður verði hljóðstyrkur frá umferð í samræmi við reglugerð nr. 724/2008, reglugerð um hávaða.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri lýsingu gerð grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gerir tilefni til.



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur